

27. nóv. 2015

Tilv.



Skipulags- og byggingarfulltrúi

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 27. nóvember 2015
UST201510-105/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi eldishúsa fyrir kjúklinga í landi Jarlsstaða í Rangárþingi ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 15. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi eldishúsa fyrir kjúklinga í landi Jarlsstaða í Rangárþingi ytra.

Ofangreind skipulagstillaga gerir ráð fyrir þauleldi er rúmar 60.000 kjúklinga. Eins og fram kemur í upphafi greinargerðar er slík framkvæmd tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar. Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir ef þurfa þykir ef um viðbótarupplýsingar verður að ræða í tilkynningu um framkvæmdina.

Staðhættir

Ofangreint svæði fyrir kjúklingaeldi er áætlað 6 ha, og er á flötu landi að hluta til sandorpnu hrauni. Fram kemur í greinargerð að áætlunin gerir ráð fyrir 2 byggingum að hámarki 2000 m² og þjónustuhúsi 300 m² að hámarki. Að mati Umhverfisstofnunar geta orðið neikvæð sjónræn áhrif af svo stórum byggingum ekki síst þar sem þær eru áætlaðar á flötu landi, og telur stofnunin mikilvægt vandað verði við litaval á yfirborði bygginga svo þær falli eins vel og kostur er að umhverfinu.

Umhverfisskýrsla

Í umhverfisskýrslu kemur fram að úrgangur frá kjúklingabúinu verði nýttur sem áburður. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að slík nýting úrgangs frá fuglum sé í samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur